

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 130/898*  
*komudagur 29.1.2004*

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
Nefndasviði Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. janúar 2004

**Umsögn Félags íslenskra flugumferðarstjóra um frumvarp til laga um breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 130. löggjafarþing 2003-2004, þskj. 352 -307. mál.**

Stjórn Félags íslenskra flugumferðarstjóra hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar og leggst eindregið gegn því að það verði samþykkt. Með 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að 21. gr. laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 verði felld brott og 3. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að lögfest verði regla í 44. gr. laganna sem kveður á um að ákvæði stjórnsýslulaga skuli ekki ná til ákvarðana um starfslok starfsmanna ríkisins. Stjórn Félags íslenskra flugumferðarstjóra telur þessar fyrirhuguðu breytingar vanhugsáðar og er ósammála þeirri fyrirætlan sem að baki þeim liggur. Að auki telur Stjórn Félags íslenskra flugumferðarstjóra að jafnvel þó breytingarnar næðu fram að ganga í þeirri mynd sem frumvarpið gerir ráð fyrir þá sé vafasamt að réttarleg þýðing breytinganna yrði raunverulega sú sem frumvarpshöfundar stefna að.

Ákvæði 21. gr. laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 geymir sjálfsagða grundvallarreglu sem telja verður eðlilega að því er varðar það fyrirkomulag að veita starfsmanni sem gerst hefur sekur um brot í starfi áminningu og gefa honum kost á að bæta ráð sitt áður en honum er sagt upp starfi af þessum ástæðum. Reglan er í samræmi við almenn sjónarmið stjórnsýsluréttar um meðferð stjórnsýsluvalds og sambærileg þeim reglum sem gilda á almennum vinnumarkaði. Það að fella 21. gr. niður skerðir því ekki aðeins réttarstöðu starfsmanna ríkisins heldur gerir hana a.m.k. í orði kveðnu lakari en stöðu starfsfólks á almennum vinnumarkaði.

Þá má segja um þessa fyrirætlan sem og þá fyrirætlan 3. gr. frumvarpsins að lögfesta reglu í 44. gr. sem kvæði á um að ákvæði stjórnsýslulaga nái ekki til

ákvarðana um starfslok starfsmanna að hæpið er að þessar fyrirætlanir hefðu réttarlega þýðingu þó að frumvarpið yrði samþykkt.

Þannig er ljóst að áður en stjórnarsýslulög voru sett giltu um ákvarðanir af þeim toga sem hér um ræðir almennar ólögfestar reglur stjórnarsýsluréttar. Þetta leiðir af eðli stjórnarsýsluvalds og þeim lögmálum sem gilda um stjórnarsýsluákvarðanir. Verði frumvarpið að lögum er því ljóst að þýðing þess yrði fyrst og fremst sú að snúið yrði aftur til þess réttarástands sem gildi fyrir setningu stjórnarsýslulaganna. Ekki verður betur séð en að slík aðgerð sé fyrst og fremst til þess fallin að skapa réttaróvissu.

Virðingarfyllst,

f.h. Stjórnar Félags íslenskra flugumferðarstjóra

---

Loftur Jóhannsson  
formaður

---

Stefán B. Mikaelsson  
ritari